

Dómsorð:

Ummæli stefnda, Gests Guðmundssonar, sem birtust í fréttablöðungi Stúdentablaðsins, sem út kom ótölusett 8. apríl 1974, og talin eru í stefnu undir A. 3., og ummæli í 4. tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kom 5. júní 1974, og talin eru í stefnu undir B. 3., skulu ómerk.

Stefnda, Gestu Guðmundssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og dómsorð dóms þessa verði birt í 1. eða 2. tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 31. maí 1977.

Nr. 190/1976. **Bílaleigan Miðborg h/f**

(Bjarni Bjarnason hdl.)

gegn

Guðmundi Jónassyni

og gagnsök

(Benedikt Sveinsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. október 1976. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Þá verði felld úr gildi fjárnám það, sem framkvæmt var 9. september 1976, til tryggingar dómi þessum. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. október 1976. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Veðbréf það, sem aðaláfrýjandi gaf út 2. janúar 1976, átti að veðtryggja víxla, sem hann samþykkti vegna kaupa á bifreiðinni R 45412, og er víxlunum nánar lýst í veðbréfinu. Þar sem ekki verður litið á umrætt veðbréf sem skuldabréf og mál þetta verður því ekki talið höfðað til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, verður heimild til að fara með málið samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936 ekki reist á 3. tl. 207. gr. þeirra laga ásamt því ákvæði veðbréfsins, að mál út af skuldinni eða veðsetningunni megi reka samkvæmt nefndum XVII. kafla laganna.

Héraðsdómsstefna er óskilrík um það, hvort gagnáfrýjandi sæki aðaláfrýjanda til greiðslu hinna samþykktu víxla í víxilmáli eða hvort málið sé höfðað á öðrum grundvelli. Ekki veitir greinargerð gagnáfrýjanda heldur leiðsögn um þetta. Aðeins þrír hinna samþykktu víxla voru komnir í gjalddaga, eftir því sem hann var greindur á víxlunum sjálfur, þegar málið var höfðað. Aðaláfrýjandi hafði uppi í greinargerð sinni, er lögð var fram á dómþingi 6. apríl 1976, varnir, sem ekki fá komist að í víxilmáli án samþykkis sækjanda. Ekki andmælti gagnáfrýjandi, að varnir þessar fengju að komast að í málinu fyrr en á dómþingi 31. maí 1976. Þegar alls þessa er gætt, sem nú var rakið, þykir málátillúnaður og málsreifun gagnáfrýjanda hafa verið með þeim hætti, að aðaláfrýjandi megi hafa uppi í málinu þær varnir, sem hann bar fram í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með þinghaldi 30. júní 1976 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Samkvæmt þessum málalokum ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Rétt er, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 30. júní 1976 eiga að vera ómerk, og er málinu

vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Gagnáfrýjandi, Guðmundur Jónasson, greiði aðaláfrýjanda, Bílaleigunni Miðborg h/f, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1976.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 30. júní sl., hefur Guðmundur Jónasson, Kóngsbakka 16, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 16. mars 1976, gegn Bílaleigunni Miðborg h/f, Bókhöðustíg 6 A, Reykjavík. Varnaraðili lét mæta óstefndur og samþykkti þingfestingu málsins. Málid er höfðað til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 475.000 með 2% dráttarvöxtum fyrir mánuð eða brot úr mánuði frá 7. janúar til greiðsludags, bankakostnaðar, kr. 540, og málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Krafist er og staðfestingar á veðrétti í bifreiðinni R 45412.

Greinargerð af hálfu varnaraðilja var lögð fram í málinu 6. apríl 1976. Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja og krefst greiðslu málskostnaðar úr hendi hans. Jafnframt áskilur hann sér rétt til þess að höfða gagnsök í máli þessu eða til heimtu bóta úr hendi sóknaraðilja með sérstakri málssókn.

Sættir hafa verið reyndar, en án árangurs.

II.

Málavöxtum er lýst þannig í stefnu, að 2. janúar sl. hafi sóknaraðili selt varnaraðilja, Bílaleigunni Miðborg h/f, bifreiðina R 45412, Datsun 100A, árgerð 1975, á kr. 900.000. Varnaraðili hafi greitt kr. 325.000 við undirritun sammings, en eftirstöðvarnar, kr. 575.000, hafi átt að greiðast með sjö víxlum á eftirfarandi hátt:

- 1) kr. 225.000 þann 7. janúar 1976.
- 2) kr. 100.000 þann 1. febrúar 1976.
- 3) kr. 50.000 þann 1. mars 1976.
- 4) kr. 50.000 þann 1. apríl 1976.

- 5) kr. 50.000 þann 1. maí 1976.
- 6) kr. 50.000 þann 1. júní 1976.
- 7) kr. 50.000 þann 1. júlí 1976.

Víxlar þessir séu útgefnir 2. janúar af sóknaraðilja, en samþykktir til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands h/f af varnaraðilja.

Varnaraðili hafi greitt á gjalddaga kr. 100.000 inn á fyrsta víxliinn og séu eftirstöðvarnar því kr. 475.000. Tryggingarbréf með veði í R 45412 hafi verið gefið út til tryggingar fyrrnefndum víxlum. Samkvæmt ákvæði í tryggingarbréfinu sé öll skuldin fallin í gjalddaga, ef ekki sé staðið í skilum um greiðslu afborgana á réttum gjalddögum. Varnaraðili hafi ekki staðið í skilum um greiðslu afborgana og því sé mál þetta höfðað. Innheimtutilraunir hafi engan árangur borið.

III.

Undirritaður dómari fékk málið til meðferðar 15. maí 1976. Í þinghaldi 30. júní 1976 krafðist lögmaður varnaraðilja úrskurðar um það, að varnir hans fengju komist að í máli þessu. Lögmaður sóknaraðilja kvaðst reka málið sem víxilmál og krafðist þess, að málið yrði dómtekið. Fór þá fram munnlegur málflutningur um þetta ágreiningsefni og jafnframt um efnishlið málsins.

Sóknaraðili byggir málatilbúnað sinn á því, að mál þetta sé höfðað og rekið sem víxilmál, sbr. 207. og 208. gr. einkamálalaga, og styðst þar við ákvæði í framlögðu tryggingarbréfi. Mótmælir hann því, að varnir varnaraðilja, sem fram koma í greinargerð, fái komist að, þar sem þær séu ekki víxilvarnir.

Varnaraðili krefst þess, að varnir sínar fái komist að í máli þessu, og mótmælir því, að 17. kafli einkamálalaga eigi við, þar sem málið hafi verið höfðað m. a. vegna víxla, sem ekki væru gjaldfallnir, og yrði málið því ekki rekið sem víxilmál.

IV.

Í málinu hafa verið lagðir fram sjö víxlar, sem allir eru í samræmi við málavaxtalýsingu sóknaraðilja, og hefur hann til þeirra lögformlega heimild, sbr. I. kafla laga nr. 93/1933.

Jafnframt hefur verið lagt fram tryggingarbréf, sem ætlað er að tryggja skilvísa greiðslu umræddra víxla.

Af málatilbúnaði sóknaraðilja verður ráðið, að hann byggir málssókn sína fyrst og fremst á tryggingarbréfinu sem slíku með stoð í víxlunum.

Í tryggingarbréfinu eru svofelld ákvæði: „Ef ég stend ekki í

skilum um greiðslu afborgana skuldar þessarar á réttum gjalddögum, telst hún öll í gjalddaga fallin“, og „Mál út af skuld þessari eða veðsetningu má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt fyrirmælum 17. kafla laga nr. 85/1936.“

Þrátt fyrir mótmæli varnaraðilja verður að líta svo á, að mál þetta eigi undir 17. kafla laga nr. 85/1936, sbr. ofangreint ákvæði, og verður ekki gegn andmælum varnaraðilja komið að öðrum vörnum en þeim, sem eiga þar undir.

Varnaraðili hefur ekki komið fram með neinar þær varnir, sem heimilt er að koma að í málum, sem rekin eru skv. 17. kafla einkamálalaga, og ber því að taka kröfur sóknaraðilja til greina að öllu leyti, enda eru þær í samræmi við framlögð skjöl og skilríki.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 101.000.

Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindur veðréttur fyrir dómkröfunum í bifreiðinni R 45412 er staðfestur. Varnaraðili, Bílaleigan Miðborg h/f, greiði sóknaraðilja, Guðmundi Jónassyni, kr. 475.000 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. janúar 1976 til greiðsludags, kr. 540 í bankakostnað og kr. 101.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámgerð fógetaréttar Reykjavíkur 9. september 1976.

Ár 1976, fimmtudaginn 9. september, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Bókhöðustíg 6 A og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A 1857/1976: Guðmundur Jónasson gegn Bílaleigunni Miðborg h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 5461/1976. Nr. 1 fylgir með í eftirriti. Nr. 2 fylgir með í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Skarphéðinn Þórisson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 475.000 með 2% mánaðarvöxtum frá 7. janúar 1976 til greiðsludags, kr. 540 í bankakostnað, kr. 101.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 3.000

fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér, og fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Guðbrandur Benediktsson, hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni R 45412, sem er Datsun 100A 1975. Staðfestur veðréttur er í umræddri bifreið. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 1. júní 1977.

Nr. 15/1977. Kristján Guðmundsson

gegn

Stykkishólmshreppi

Skipasmíðastöðinni Skipavík h/f og

Samgönguráðherra f. h.

Samgönguráðuneytisins.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Guðmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
